



# Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Sími: 458 2400 - Netfang: vestfirdir@syslumenn.is - Veffang: www.syslumenn.is

Ísafirði, 26. maí 2017.

Dómsmálaráðherra,  
Sigríður Andersen,  
Sölvhólsögðu 1,  
150 Reykjavík - netfang postur@dkm.is

Efni: Tillaga um breytingu á reglugerð nr. 1151/2014 um umdæmi sýslumanna.

Með bréfi þessu leyfi ég mér, virðulegi dómsmálaráðherra, að gera tillögu um að 3. tl. í 1. gr. ofangreindrar reglugerðar verði breytt á þá leið að sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum þar sem fá má þjónustu sýslumanns og þar eru talin verði fækkað úr tveimur í eitt. Sýnist nærlægast í því sambandi að miða við að ekki verði gert ráð fyrir útibúi í Bolungarvík.

1. málslíður 1. gr. og 3. tl. sömu gr. í téðri reglugerð eru svohljóðandi:

“1. gr.

Landinu er skipt í níu umdæmi sýslumanna. Eiga sveitarfélög undir hvert þeirra, sem hér segir:


---

3. *Umdæmi sýslumannsins á Vestfjörðum:*

Reykholahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður,  
Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.  
Aðalskrifstofa: Patreksfjörður.  
Sýsluskrifstofa: Ísafjörður.  
Önnur útibú: Bolungarvík, Hólmavík.“

Er þessi tillaga sett fram í ljósi þess að telja verður að ná megi hagræðingu og sparnaði í jafnt mannahaldi og húsnæðiskostnaði með því að sameina starfsstöðvarnar tvær á norðanverðum Vestfjörðum í eina án þess að það feli í sér að þjónusta verði skert um of. Eftir að Bolungarvíkurgöng voru tekin í notkun á árinu 2010 er örugg leið milli staðanna árið um kring sem er um 14 km og að jafnaði tekur innan við 15 mínútur að aka þar á milli. Helsta verkefni starfsmanna í Bolungarvík, sem þar eru í 1,85% stöðugildi, hefur auk almennra skrifstofustarfa verið að sinna innheimtu vanrækslugjalds skv. reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja. Þótt það sé undirrituðum ekki ljúft að bera fram þessa tillögu eftir að hafa búið í Bolungarvík í 25 ár ber að hafa í huga að sveitarfélögin mynda eitt atvinnusvæði og mikill samgangur á milli, nú þegar er nokkuð um að íbúar í Bolungarvík sækja þjónustu á skrifstofu embættisins á Ísafirði og þrír af 11 starfsmönnum á Ísafirði eru búsettir í Bolungarvík.

Tekið skal fram að ég hef miðað við að þjónustu og starfsemi í þeirri mynd sem hún er nú verði hætt frá og með 1. júní nk. og hafa báðir starfsmenn sem þar unnu kosið að láta af störfum frá og með þeim degi. Leigusamningur um húsnæði útibúsins í Ráðhúsi Bolungarvíkur gildir til 31. júlí nk.



Jónas Guðmundsson  
sýslumaður

Afrit bréfs:

Bolungarvíkurkaupstaður, netfang [bolungarvik@bolungarvik.is](mailto:bolungarvik@bolungarvik.is)

Fjórðungssamband Vestfirðinga, netfang [fv@vestfiridir.is](mailto:fv@vestfiridir.is)

Ísafjarðarbær, netfang [postur@isafjordur.is](mailto:postur@isafjordur.is)